

Bæjarstjórn - 42

FUNDARBOÐ

42. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. nóvember 2025 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2511002F - Bæjarráð - 38**
Lögð fram fundargerð 38. fundar bæjarráðs.
- 2. 2412003F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 40**
Lögð fram fundargerð 40. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2503004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 41**
Lögð fram fundargerð 41. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 4. 2504001F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 42**
Lögð fram fundargerð 42. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 5. 2506002F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 43**
Lögð fram fundargerð 43. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 6. 2510003F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 44**
Lögð fram fundargerð 44. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 7. 2511001F - Skipulagsnefnd - 35**
Lögð fram fundargerð 35. fundar skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

- 8. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 988. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. október 2025 ásamt eldri fundargerðum.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 9. 2510012 - Orkuframboð í Stykkishólmi og afhendingargeta**
Orkuframboð, bæði rafmagns og heits vatns, og afhendingargeta þessara innviða eru

lykilþættir í áframhaldandi uppbyggingu atvinnusvæða við Kallhamra og Hamraenda. Tryggja þarf að fyrirtæki sem hyggjast hefja starfsemi eða byggja upp atvinnurekstur í Stykkishólmi hafi skýrar og aðgengilegar upplýsingar um stöðu orkuframboðs, möguleika á tengingum og framtíðaráfhendingu. Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi heildaryfirsýn yfir stöðu mála í samstarfi við veitufyrirtækin, þannig að hægt sé að bregðast tímanlega við aukinni eftirspurn og stuðla að öruggri og sjálfbærri uppbyggingu atvinnulífs. Þetta er jafnframt forsenda þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir um skipulag, leyfisveitingar og framtíðarstefnumótun í atvinnu- og umhverfismálum bæjarins. Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að kortleggja stöðuna í samvinnu við Rarik ohf. (rafmagn) og Veitur ohf. (heitt vatn), nánar tiltekið um núverandi stöðu, helstu áskoranir og framtíðarþörf til næstu 5, 15 og 30 ára. Í því sambandi ber að skoða sérstaklega hvernig áætlanir um uppbyggingu iðnaðarsvæða við Kallhamra (Græni iðngarðar) og Hamraenda, miðað við núverandi skipulagsáform og byggingarreiti, samrýmast fyrirhuguðu orkuframboði og afhendingargetu. Þannig verður tryggt að umsóknir um tengingar og leyfisveitingar geti tekið mið af raunhæfum forsendum og stuðlað að sjálfbærri og öruggri þróun atvinnusvæða.

Bæjarstjórn Stykkishólms lagði, á 41. fundi sínum, áherslu á að öruggt og nægjanlegt orkuframboð, bæði rafmagns og heits vatns, enda það eitt af meginforsendum áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og samfélagslegrar framþróunar í Stykkishólmi. Bæjarstjórn taldi mikilvægt að sveitarfélagið hafi greinargóða yfirsýn yfir núverandi orkuframboð og framtíðaráform orkufyrirtækja á svæðinu, í samræmi við áætlanir um uppbyggingu atvinnusvæða við Kallhamra (Græna iðngarða) og Hamraenda, svo og aðra byggingarreiti í samræmi við gildandi skipulag. Bæjarstjórn Stykkishólms óskaði eftir upplýsingum frá Rarik ohf., Landsneti hf. og Veitum ohf. um núverandi afhendingargetu á rafmagni og heitu vatni í Stykkishólmi, áætlanir fyrirtækjanna um uppbyggingu og styrkingu orkuinnviða til næstu 5, 10 og 15 ára og hvernig þau sjá fyrir sér að mæta vaxandi eftirspurn í tengslum við uppbyggingu atvinnusvæða og fjölgun íbúa í samræmi við húsnaðisáætlun sveitarfélagsins.

Fulltrúi ISEA ehf. kemur til fundar við bæjarstjórn og gerir grein fyrir stöðu félagsins.

10. 2303021 - Styrkumsóknir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms auglýsti þann 2. október, eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Umsóknarfrestur var til og með 23. október. Lagðar eru fram styrkumsóknir sem bárust á auglýstum tíma.

Bæjarráð samþykkti, á 38. fundi sínum, styrkúthlutanir og er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2511004 - Hólar 6 - Breyting á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags

Landeigendur óska eftir að gera breytingu á aðalskipulagi vegna breytingu á landnotkun, svo eigendum sé unnt að starfrækja leyfisskylda gististarfsemi í húsinu sem á jörðinni stendur. Enn fremur að vinna deiliskipulag ef þörf krefur. Málið var tekið fyrir á 35. fundi skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að landeigandi láti vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar í samráði við skipulagsfulltrúa þar sem landnotkunin verði breytt úr landbúnaðarsvæði yfir í verslun og þjónustusvæði. Enn fremur samþykkti nefndin að unnið verði deiliskipulag af svæðinu á sömu forsendum.

Bæjarráð staðfesti, á 38. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2209013 - Ungmennaráð

Lögð fram tillaga að skipan ungmennaráðs 2025-2026.

Bæjarráð vísaði málinu, á 38. fundi sínum, til afgreiðslu í bæjarstjórn.

13. 2511006 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkti lántökuna, á 38. fundi sínum, og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

14. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykkti sveitarfélagsins

Fyrir liggur að kjósa þarf nýjan fulltrúa H-lisa í safna- og menningarmálanefnd.

15. 1808022 - Minnispunktur bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktur bæjarstjóra.

25.11.2025

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.